

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar Ráðgjafanefnd um Friðland að Fjallabaki		Síða
Dags. fundar 10.03.2023	Tími 11:00-12.30	Staður Umhverfisstofnun, Hellu	Nr. fundar 1
Fundarboðandi Umhverfisstofnun	Fundarritari Daníel Freyr Jónsson		Málsnr.
Fundarmenn: Frá Umhverfisstofnun: Daníel Freyr Jónsson. Frá Ferðafélagi Íslands: Ólafur Örn Haraldsson. Frá Rangárþingi ytra: Jóhanna Hlökkversdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir			
Fjarverandi: Afrít sent Öllu nefndarfólki.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
1	<p>Fyrsti fundur nýrrar nefndar</p> <p>Daníel og Jóhanna koma bæði ný inn í nefndina og er þetta fyrsti fundur hennar eftir sveitarstjórnarkosningar 2022. Skipunartími er sá sami og sveitastjórnarkosningar. Aðeins farið yfir fyrirkomulag nefndarinnar og málin sem tekin verða hér fyrir.</p> <p>Hluti nefndarinnar kom að því að vinna stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðland að Fjallabaki og stefnan fyrir svæðið er nokkuð skýr. Markmið funda hjá nefndinni er fyrst og fremst að vera samráðsvettvangur þar sem UST upplýsir um gang mála varðandi umsjón og rekstur friðlandsins sem og að fá ábendingar og annað gagnlegt frá nefndarfólki.</p>	
2	<p>Umræða um landvörslu</p> <p>Daníel fer yfir fyrirkomulag landvörslu sumarið 2023. Ávallt verða þrjú landverðir á vakt og oft fjórir. Verkefnið verða áfram sambærileg og seinustu ár, t.d. ávallt föst upplýsingagjöf í Landmannalaugum.</p> <p>Ábending kom frá Guðlaugu um að landverðir skuli ekki vera að hlaða grjóti í vegkanta, heldur að beita skuli öðrum aðferðum þegar afmarka þarf vegi. Slíkar grjótraðir gagnast lítið og geta valdið tjóni á bílum. Daníel mun ræða þetta við landverði upp á að þessu verði hætt.</p>	Daníel/ UST
3	<p>Umræða um gönguleiðir í friðlandinu</p> <ul style="list-style-type: none"> Síðasta sumar var lokið við gerð náttúrustígs frá Rauðafossi að Auganu. Framkvæmdir við Suðurnám voru stöðvaðar eftir að sveitarfélagið bað um að framkvæmdum yrðu hætt 2021. Fulltrúar Rangárþings í nefndinni segja staðsetninguna sem farið var af stað í vera ómögulega út frá áhrifum á ásýnd. Leiðin þurfi að liggja lengra inn í gilið norðan fjallsins og þar upp hrygg sem leiðir göngufólk upp á fjallið. Nefndin öll sammála um að þetta verði að skoðast betur í sumar svo hægt sé 	

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
	<p>ákveða framhaldið og halda áfram með stígagerðina. Allir sammála um nauðsyn þess að bæta leiðina upp á Suðurnám enda gamla leiðin mikið lýti í landinu. Guðlaug Berglind spyr af hverju fólki var hleypt upp gömlu leiðina 2022, enda er hún afar illa farin og var áður lokuð. Daníel mun skoða það mál og passa að leiðin verði merkt lokuð í sumar.</p> <ul style="list-style-type: none"> Guðlaug Berglind og Ólafur Örn komu með ábendingu um að skemmdir séu orðnar töluverðar uppi á Løðmundi og svo við Norðurnám. Daníel setur það á verkefnalista UST fyrir sumarið að taka út þessar leiðir og að brugðist verði við þessu. 	
4	<p>Verkefni framundan í Friðlandinu</p> <ul style="list-style-type: none"> UST er að semja við verktaka vegna smíði á nýjum laugapalli í Landmannalaugum sem og göngubrú yfir Námskvísl. Stefnt er að því að hefja framkvæmdir á staðnum um leið og fært er og jarðvegur tilbúinn. Haldið verður áfram með uppbyggingu gönguleiða í Grænegili í sumar, áframhald frá verkefninu sem hefur verið í gangi í Laugahrauni síðustu ár. Skiltamál – UST er að vinna í nýjum fræðslu- og upplýsingaskiltum sem verða sett upp á nokkrum svæðum innan friðlandsins í sumar. Hönnun skiltanna er langt komin og verða þau borin undir ráðgjafanefndina á næstu vikum. Stefnt er að því að setja upp nokkra vegpresta á gönguleiðum í nágrenni Landmannalauga í sumar. Fjármagn er takmarkað og sótt verður um meira fjármagn fyrir næsta ár til að merkja helstu gönguleiðar um allt friðlandið sem og reiðleiðir. Rangárþing ytra stefnir að því að hefja stækkun bílastæðis við Námskvísl síðla sumars. Fjármagn var veitt í gerð bílastæða við Rauðafoss og Kýlingum (gönguleið að Grænahrygg) 2022. Stæðið við Rauðafoss var klárað en fjármagnið dugar ekki fyrir Grænahrygg og verður sótt um frekara fjármagn fyrir 2024. Rennt í gegnum aðgerðaráætlun úr stjórnunar- og verndaráætlun og verkefni sem á henni eru. Aðgerðaráætlun rennur út í ár og þörf á að setja fram nýja áætlun. Nokkrar aðgerðir bíða enn, sem ekki tókst að ljúka á tilsettum tíma. 	UST
5		Daníel

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
	<p data-bbox="300 309 1335 412">Fulltrúar í ráðgjafanefnd verða upplýstir um tillögur að verkefnum sem sótt verður um í Landsáætlun og forgangsröðun þeirra. Fulltrúar munu einnig koma að því að endurnýja aðgerðaáætlun svæðisins.</p> <p data-bbox="300 450 1335 515">Ákveðið var að nefndin fundi snemma árs og aftur að hausti, ásamt því að farin verði a.m.k. ein ferð um friðlandið að sumri til.</p>	